

Hellisgerði 100 ára.

1. fundur starfshópsins haldinn 23. nóvember 2017 að Norðurhelli 2 kl. 8.15. Mættir voru:
Helga Ingólfssdóttir og Sverris Jörstad Sverrisson.

Kynnt var samantekt um Hellisgerði frá því að garðurinn var stofnaður 1923. Farið var yfir tilurð garðsins, áhrifavalda og fyrirmyndir. Sjá meðfylgjandi skjal.

Rætt var hvernig best væri að framkvæma þær breytingar sem þyrfti að fara í, hvaða mannvirki ætti að reisa og hvernig skipta ætti garðinum niður í nokkra ára framkvæmdaráætlun. Hvaða breytingar þyrfti að gera á skipulagsáætlunum sem lægju fyrir.

Hvernig koma arkitektar og landslagsarkitektar að verkinu? Hvað garðar gætu verið fyrirmyndir, og hvaða rekstrarfyrirkomulag væri heppilegt. Rætt var að fara í skoðunarferðir og sjá hvernig hin sveitarfélögin hafa verið að gera þetta. Alþingisgarðurinn, lystigarðurinn á Akureyri, grasagarðurinn í Reykjavík, Hljómskálagarðurinn og fleiri garðar.

Næsti fundur ákveðin stuttu eftir áramótin.

Fundi slitið kl. 10.